

Fimmtudaginn 26. september 1974.

Nr. 157/1974: **Valdstjórnin**
 gegn
Sigurði Ellert Jónssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,**
Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. september 1974, sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími hans verði stytur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af valdstjórnarinnar hálfu er þess krafist, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði staðfestur, en Hæstarétti hefur borist greinargerð ríkissaksóknara, dags. 26. þ. m., þar sem málavöxtum er lýst í samræmi við atvikalýsingu í hinum kærða úrskurði að öðru leyti en því, að útgefandi tékkans, Kristinn Árnason, hafi afhent leigubifreiðarstjóranum tékkann undirritaðan af sér, en að öðru leyti óútfylltan, svo sem greinir í rannsókn málsins.

Í greinargerð ríkissaksóknara segir enn fremur, að ástæða sé til að ætla, að varnaraðili hafi falsað fjárhæð tékkans og framvísað honum í Alþýðubankanum h/f. Ljóst sé, að málið sé á frumstigi rannsóknar, þar sem ólokið sé að yfirheyra nokkur vitni, og ef til vill samprófun þeirra og varnaraðilja auk þess sem sakbending hafi enn ekki farið fram og eigi heldur rannsókn rithandarsýnishorna.

Eins og sakarefni er varið í máli þessu og rannsókn þess er skammt á veg komin, en eftir er að yfirheyra bróður varnaraðilja í samræmi við framburð varnaraðilja og samprófa

þá, þykir eftir atvikum rétt að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. september 1974.

Ár 1974, fimmtudaginn 19. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 12. september s.l. voru 850.000.00 kr. lagðar inn á sparisjóðsbók nr. 340820 við Alþýðubankann í Reykjavík. Viðkomandi greiddi með ávísun á Sparisjóð Hafnarfjarðar að upphæð kr. 850.000.00 og fékk greiddar kr. 200.000.00 til baka í peningum. Í ljós kom, að umrædd ávísun, sem gefin var út af Kristni Árnasyni, hafði upphaflega hljóðað á kr. 850. Hafði tölu þeirri verið breytt þannig, að þúsund var bætt aftan við töluna, sem rituð var með bókstöfum og þremur núllum bætt aftan við töluna, sem rituð var með tölustöfum. Kristinn Árnason hefur skýrt svo frá, að hann hafi fengið til sín leigubifreið og beðið bílstjórann að gera fyrir sig innkaup og greitt með umræddri ávísun hljóðandi upp á kr. 850. Ekki er þó enn ljóst, hve mikið af meginmáli tékkans útgefandi hefur ritað með eigin hendi. Eigandi sparisjóðsbókarinnar nr. 340820 er Sigurður Ellert Jónsson, og er hann leigubílstjóri að atvinnu. Starfsfólk Alþýðubankans hefur fullyrt, að innleggið hafi verið greitt með tékka þeim, er hér um ræðir. Sigurður Jónsson hefur fyrir dómi í dag neitað að hafa greitt innlegg þetta með umræddum tékka. Kveðst hann hafa greitt með peningum. Hafi bróðir hans Guðlaugur geymt fyrir hann rúmlega 400.000.00 krónur, en sjálfur hafi hann geymt í herbergi sínu rúmlega 200.000.00 krónur.

Sigurður Ellert Jónsson er grunaður um brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og getur brotið varðað fangelsisrefsingu. Skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald þykja því vera fyrir hendi, sem rétt þykir að beita með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973. Nauðsynlegt þykir að yfirheyra nokkur vitni í málinu auk þess sem sakbending þarf að fara fram og athugun á rithandarsýnishornum.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Ellert Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Föstudaginn 26. september 1974.

Nr. 131/1973: **Samvinnutryggingar**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Guðmundi Jónssyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.**

Bifreiðar. Endurkrafa váttryggingarfélags samkvæmt 73. gr. laga nr. 26/1958.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 85.960.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1967 til 16. maí 1973 og 1½% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s. á. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu. Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.